

**Economic Policy Reforms
Going for Growth - 2006 Edition**

Summary in Icelandic

**Efnahagslegar stefnuumbætur
Stefnt að vexti – útgáfa 2006**

Útdráttur á íslensku

Útdráttur

Síðustu tvo áratugi hafa lífskjör í mörgum OECD ríkjum, nánar tiltekið í Japan og nokkrum hagkerfum á meginlandi Evrópu, dregist aftur úr hinum best reknu. Á sama tíma hefur mögulegur vöxtur batnað í öðrum OECD ríkjum. Þetta frávík í frammistöðunni stenst stefnumörkun um hvernig best sé að örva viðvarandi vöxt í lífskjörum.

Í fyrsta tölublaðinu af *Stefnt að vexti*, sem var birt fyrir ári, var sumt af þessari stefnumörkun kallað fram. Það opnaði á nýtt form af setningu viðmiðana fyrir eftirlit og fór vel við langvarandi þjóðar- og svæðisskilgreindar kannanir. Þegar stefnuvísibendingar sem byggt er á eru notaðar með vel skilgreindri tengingu við efnahagslega frammistöðu meðfram ítarlegri sérþekkingu OECD nefnda og starfsfólks eiga fimm stefnutilmæli rætur að rekja til hvers OECD aðila.

Í útgáfu síðasta árs var áherslan einkum lögð á atvinnu- og afurðamarkað. Þetta annað tölublað fylgir eftir þeim framförum sem orðið hafa á þessu sviði. Til viðbótar víkkar það gildissvið vísibendinga sem skýtur stöðum undir byggingarlega eftirlitsæfingu til að taka tillit til stefnu sem örvar nýsköpun sem fyrir löngu hefur verið viðurkennd sem aðaldrifjöður vaxtar. Í sama anda, að vísu meira hikandi, er í þessu tölublaði af *Stefnt að vexti* líka kannað hvernig reglugerð um starfsemi á þessu sviði hefur áhrif á efnahagslegan vöxt. Að lokum þarf að stíga nokkur skref aftur á bak til að varpa ljósi á mælistikuna sem notuð er á tímabili eftirlitsins til að mæla árangur.

Í *1. kafla* er lögð til yfirsýn yfir hversu ágengt ríkjum varð á síðasta ári við að gera ráðstafanir sem eru í takt við þá forgangsröðun við stefnumótun sem er skilgreind í *Stefnt að vexti*, útgáfu 2005. Framfarir í umbótastefnu til að bæta frammistöðu framleiðni vinnuafls og nýtingu vinnuafls eru metnar með lykiluppgötununum sem eru dregnar hér saman:

- Að því er varðar þá forgangsröðun við stefnumótun að auka framleiðni vinnuafls eru aðgerðir í samræmi við hina skilgreindu forgangsröðun við stefnumótun komnar af

stað eða hefur þegar verið stefnt í átt til þess að losa um stjórn á aðgangi að afurðamarkaði og á öðrum samkeppnishamlandi reglugerðum, styrkja mannauðsmyndun og endurbæta ýmis önnur stefnusvið sem hafa áhrif á framleiðni vinnuafls.

- Að því er varðar þá forgangsröðun við stefnumótun að auka nýtingu vinnuafls hafa umbætur með tilliti til hinnar skilgreindu forgangsröðunar við stefnumótun, einkum fyrir mið-evrópsk ríki, í flestum tilfellum hvorki átt sér stað né staðið til. Til dæmis eru fáar aðgerðir komnar af stað til að draga úr óbeinum skatti, sem enn er hár, á vinnandi fólk eftir ákveðinn aldur, skattfleygum og lágmarki launakostnaðar. Meiri umbótahneigð má sjá á sviði fötlunar- og sjúkrabótakerfa.

Yfirsýnin grundvallast á athugasemdum fyrir hvert OECD ríki (og Evrópusambandið í heild sinni) sem fela í sér nákvæmari upplýsingar um framvindu hvers og eins hinna fimm tilgreindu forgangsmála (2. kafla). Til viðbótar lagasetningu eða öðrum ákvörðunum til að hrinda umbótum í framkvæmd, athugasemdaskjali um fyrri stig umbóta hvers einstaks ríkis, svo sem tilkynningar hins opinbera og drög að löggjöf sem kynnt eru þjóðþingum.

Í 3. kafla er gerður samanburður milli landshluta á viðleitni til nýsköpunar og afrakstri rétt eins og helstu málaflökkum sem hafa áhrif á téðan afrakstur. Nýsköpun hefur lengi verið lykiluppspretta framfara í efnislegum lífskjörum en afrakstur viðleitni til nýsköpunar er venjulega afar óviss og hagurinn fyrir samfélagið í heild sinni getur verið meiri en fyrir einkafyrirtæki. Til að hvetja til nýsköpunar hafa stjórnvöld þannig komið á laggirnar margs konar ráðstöfunum, svo sem fjárhagslegum stuðningi fyrir rannsóknar- og þróunarverkefni og fjármögnun fyrir rannsóknir í opinberum stofnunum. Jafnframt er frumkvöðlum með takmarkaðan tíma fenginn einkaréttur á nýtingu á nýsköpun sinni með einkaleyfisrétti og öðrum lagalega framfylgjanlegum ráðstöfunum.

Á undanförunum árum hefur mest athyglin í stefnumálum verið helguð því að auka árangur þessara og annarra ráðstafana til að bæta hagkvæmni nýsköpunarkerfisins. Þetta hefur ekki aðeins haft í för með sér betrubætur á gögnum til að fjármagna rannsóknir og þróun, heldur jafnframt framkvæmd stefnu til að styrkja samspil milli opinberra rannsóknastofnana og iðnaðar.

Greiningin á helstu drifkröftum nýsköpunarinnar sem er skoðuð vandlega í 3. kafla hefur verið notuð til að greina safn af ríkja-sértækum stefnutilmælum til að efla nýsköpun. Þessi tilmæli fyrir öll OECD ríki eru sett fram í einstaklingsmiðuðum ríkja-athugasemdum sem greint er frá í 4. kafla. Tekin var upp sama nálgun og varðaði atvinnu- og afurðamarkað: borin eru kennsl á veikleika í stefnumiðum sem tengjast undirskipuðu nothæfi nýsköpunar eða veikleikum í næstu úrslitaatriðum í nýsköpun (svo sem kunnáttu eða fjárhagslegum kringumstæðum) til að gefa til kynna að umbóta sé krafist til að færast nær bestu aðferðinni.

Þegar litið er á afrakstur nýsköpunar og hin auðkenndu stefnutilmæli koma eftirfarandi ríkjaflokkarnir í ljós:

- Aðalfrumkvöðlarnir eru Norðurlöndin, Bandaríkin og Japan. Flest þeirra hafa notið mikillar framleiðniaukningar síðasta áratuginn (Japan þó undantekning). Og flest þeirra státa af háu útskriftarhlutfalli með menntun á háskólastigi. Engu að síður standa sum frammi fyrir áskorun um að hleypa frekara lífi í nýsköpun í þjónustu.
- Hinum megin á skala nothæfi nýsköpunar er krafist úrbóta í menntun í Suður-Evrópu og sterkari samkeppni á afurðamarkaði í Mið-Evrópu.

- Mitt á milli eru enskumælandi ríki önnur en Bandaríkin þar sem afköst framleiðni hafa almennt verið góð. Það er sameiginlegt viðfangsefni að styrkja tengsl milli opinberra rannsókna og iðnaðar.
- Eftirstandandi ríki – sérstaklega Frakkland og Þýskaland – hafa tilhneigingu til að sýna nothæfi nýsköpunar sem er fyrir ofan meðallag, en þurfa að styrkja menntun á háskólastigi. Flest þeirra geta líka bætt kostnaðarhagkvæmni þeirra fjárhagslegrar aðgerða sem gripið er til, til að styðja rannsóknir og þróun í einkageiranum.

Í 5. kafla er nokkru ljósi brugðið á tenginguna milli fjárhagslegra markaðsreglna og efnahagslegs vaxtar. Fjárhagskerfi reynast verulega ólík milli OECD ríkja með tilliti til heildarstærðar, byggingar rétt eins og mikils samkeppnisþrýstings sem ríkir á banka- og verðbréfamarkaði. Að vissu marki endurspeglar þessar sveiflur ágreining í reglugerðastoðunum. Reglugerðaumhverfið sem viðheldur óhóflega miklum hindrunum í samkeppni í bankaþjónustu eða leggur til of litla vörn fyrir fjárfesta á verðbréfamarkaði tefur einkum fyrir þróun í fjármálakerfinu og afleiðingin er veikari hagvöxtur. Í reynd er í kaflanum skýrt frá niðurstöðum af athugunum sem byggja á rannsóknum sem sýna að svið sem eru háðari ytri fjármálum vaxa hraðar í ríkjum þar sem reglur stuðla frekar að fjárhagslegri þróun.

Í 6. kafla er metið að hve miklu leyti verg landsframleiðsla miðað við höfðatölu þjónar sem eðlilegur fulltrúi heildarvelferðar. Aðrar ráðstafanir þjóðhagsreikninga eiga að öllum líkindum betur við þetta markmið en þær eru ekki auðfáanlegar og eru í öllu falli nátengdar vergri landsframleiðslu í flestum OECD ríkjum. Með lýsandi útreikningum til að „framlengja“ verga landsframleiðslu til að fela í sér frístundir, tekjuskiptingu heimilanna og dreifðan hlut er því slegið fram að röðun um landið þvert og endilangt sem byggir á þessum vísbendingum og vergri landsframleiðslu miðað við höfðatölu sé yfirleitt svipuð. Heilt yfir er verg landsframleiðsla miðað við höfðatölu áfram tvísýn fyrir hvaða mat á velferð sem er en þarf að fara vel við aðrar ráðstafanir til að fá heildstæða mynd af velferð.

© OECD 2006

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltýngdir údrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

**Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD
www.oecd.org/bookshop/**

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf.

rights@oecd.org

Fax: +33 (0)1 45 24 13 91

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal
75116 Paris
France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights/

